

117. fundur í skólanefnd ME haldinn þriðjudaginn 11. febrúar 2014 kl. 13 í fundarherbergi skólans

Mættir skólanefndarmenn: Anna Björk Guðjónsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Gauti Jóhannesson og Ragnhildur Rós Indriðadóttir. Ekki tókst að fá varamann fyrir Esther Gunnarsdóttur sem er í fæðingarorlofi.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Jóney Jónsdóttir og Guðrún Hlíðkvist. Anna Alexandersdóttir mætti sem fulltrúi foreldra.

Jafnframt sátu fundinn Helgi Ómar Bragason skólameistari og Árni Ólason áfangastjóra sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Kynning á starfsemi ME

Fundarmenn borðuðu í mötuneyti ME á milli kl 12-13. Þeir litu síðan á starfsemi opinna daga í stofum skólans eftir matinn og fengu kynningarferð um húsnæðið, bæði heimavistarhús og kennsluhús. Síðan hófst formlegur fundur í fundarherbergi skólans.

Fundur settur í fundarherbergi kl. 13.40 og gengið til dagskrár

2. Staðfesting fundargerðar 116. fundar

Fundargerð 116. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti en var staðfest með undirritun.

3. Verklagsreglur og fundarsköp fyrir Skólanefnd ME

Ragnhildur Rós kynnti vinnu sína og Gauta varðandi skoðun á verklagsreglum og fundarsköpum ýmissa framhaldsskóla miðað við það plagg sem formaður skólanefndar kynnti á síðasta fundi.

Þau komust að því að uppkast formanns skólanefndar, um verklagsreglur og fundarsköp ME, væri bæði skýrt og ítarlegt og lögðu jafnframt til að þessar reglur yrðu samþykktar í skólanefnd.

Reglurnar síðan yfirfarnar á fundinum og samþykktar samhljóða og undirritaðar af skólanefnd eftir smávægilegar breytingar.

4. Starfsmannamál

- Ráðningarhlutföll og starfshlutföll kennara.
Skm. ræddi starfsmannamál á vorönn. Nokkrir starfsmenn eru í leyfi og það verður skoðað hvort og hvenær þeir komi aftur til starfa. Fyrirséð að fjölga þarf starfsfólki vegna aukningar á starfsbraut. Einnig þarf að huga að því að starta upp viðskipta- og hagfræðibraut á nýjan leik.

Einnig var talað um starfshlutfall starfsmanna. Þetta kerfi er stírt í vöfum, t.d. er talið að segja verði upp kennara upp í 100% starfshlutfalli þegar kennsla dregst saman. Því hefur verið farin sú leið að nokkrir kennarar eru ráðnir í minna starfshlutfall en þeir raunverulega kenna. Skólanefnd telur nauðsynlegt fyrir skólann að hafa einhverjar verklagsreglur til að vísa í við ráðningu í starfshlutfall, s.s. 5 ára reglu. Skólameistara falið að útfæra þessa verklagsreglu og gera hana sýnilega starfsmönnum.

Lítilliga rætt um hugsanlegt verkfall framhaldsskólakennara. Ef til þess kemur verður það trúlega ekki fyrr en í upphafi seinni spannar.

5. Fjármál

- Rekstrarreikningur 2013 – bráðabirgðaniðurstaða.
Hagnaður ársins varð um 9,6 millj. kr. og uppsafnaður höfðustóll nemur nú tæpum 30 millj. kr. Framlög ríkisins urðu mun meiri heldur en fyrirséð var en það kom ekki í ljós fyrr en í árslok.
Fjárhagsleg staða skólans er því mjög góð og bjart framundan í þeim efnum. Þetta gefur fyrirheit um að hægt verði að fjölga starfsfólki, s.s. vegna starfsbrautar.
- Fjárhagsáætlun fyrir 2014.
Óverulegar breytingar frá framlagðri áætlun á síðasta fundi.
Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlun fyrir 2014 sé í samræmi við fjárheimildir hvað varðar útgjöld svo sem verið hefur. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við áætlunina.
Skm. sagðist eiga fund í mennta- og menningarmálaráðuneytinu nk. mánudag og mun formaður skólanefndar einnig fara á þann fund. Þeir munu m.a. taka upp hugmyndir um dreifkennslu á Vopnafirði.

6. Önnur mál

a. Erindi frá Búbót – starfsmannafélagi

Ósk um stuðning við starfsmannaferð. Skólanefnd ákveður að skólinn greiði fyrir leikhúsmiða og kvöldmáltíð starfsmanna í þetta ferðalag til Akureyrar 14. febrúar.

b. Aðgerðaáætlun í starfsmannamálum – staða mála

Skm. fór yfir gang mála í aðgerðaáætluninni. Flest er að ganga eftir áætlun, s.s. endureisn Búbótar, starfsþróunarviðtöl og samráðsvettvangur. Skólanefnd telur nauðsynlegt að auglýst verði eftir mannauðsstjóra í 50% stöðu sem fyrst enda eru fjármunir til fyrir slíkan mann. Skm. falið að auglýsa eftir mannauðsstjóra fyrir næstu mánaðamót.

Nefndin telur rétt að fá vinnustaðasálfræðinginn aftur í ME til að taka stöðuna á andrúmslofti á vinnustaðnum.

c. Staðfestingarferli skólanámsskrár

Skólanámsskrá ME er í vinnslu og mikið komið inn af efni nú þegar. Nefndarmenn eru hvattir til að fara inn á heimasíðu ME og skoða þá vinnu sem þar er í gangi og gera athugasemdir ef ástæða þykir til. Þannig getur skólanefnd afgreitt skólanámsskrána í köflum og síðan í heild á júnífundum.

Hér má sjá vinnuskjal skólanámsskrár:

<http://me.is/index.php/namid/namskra/skolanamskra>

d. Rætt um fyrirhugaða heimsókn forsetahjónana í ME næsta föstudag.

Fleira ekki og fundi slitið kl 15:10.

Fundargerð ritaði Árni Óla